

FRÉTTABRÉF

Með fréttum frá Íslenska söfnuðinum í Noregi, Íslendingafélögum og kórum.

Unglingaferð á Landsmót ÆSKP á Hvammstanga



Dagana 23.-26. október hélt 30 manna hópur víðsvegar að frá Noregi á Landsmót ÆSKP sem haldið var á Hvammstanga. Mótið hafði yfirskriftina „Já!“ en fræðsla landsmótsins fjallaði um kynhegðun og kynheilbrigði þar sem farið var yfir klámmenningu, kynferðisofbeldi og notkun getnaðarvarna. Æskulýðs-

félög kirkjunnar létu gott af sér leiða eins og hin fyrri ár í samstarfi sínu við Hjálparstarf kirkjunnar. Að þessu sinni var safnað fyrir verkefni sem fellur undir alnæmisverkefni Hjálparstarfsins sem stuðlar að forvörnum, aðhlyningu og stuðningi við alnæmisjúka og börn sem misst hafa foreldra af völdum sjúkdómsins. Dagskrá mótsins var fjölbreytt en fyrir utan fræðsluna voru kvöldvökur, hæfileikakeppni, búningaball, sundlaugapartý, hópastarf og karnival. Landsmótið heppnaðist vel og góð stemming myndaðist í unglingshópnum sem fór héðan frá Noregi.



Við hlökkum til að fara á næsta landsmót sem verður haldið í október 2015 og þá í Vestmannaeyjum.

Íslenskir unglingar búsettir í Noregi hittast

Unglingastarf Íslenska safnaðarins í Noregi er núna starfandi í Ósló, Stavanger, Bergen, Fredrikstad og á Vestfoldsvæðinu. Við hvetjum alla unglinga sem hafa áhuga á að komast í samband við aðra íslenska unglinga sem búsettir eru í Noregi að bæta sér í hópinn okkar á facebook:

„Æskulýðshópur íslenska safnaðarins í Noregi“. Þar er hægt að fylgjast með því sem er að gerast í starfinu okkar út um allt land.



Tilkynningar

Kyrróar- og íhugunarstund
alla fimmtudaga í Ólafíu-
stofu kl. 12:15-12:30

...

Íslenskir sunnudagaskólar

eru starfræktir um land allt.
Fylgist með starfinu okkar
á heimasíðu safnaðarins:

[www.kirkjan.no/
sunnudagaskolinn](http://www.kirkjan.no/sunnudagaskolinn)

og á

facebook/Íslenski
söfnuðurinn í Noregi.

Frá Íslendingafélaginu í Ósló



Þorablót 2015

Þann 14. febrúar verður hið árlega þorablót Íslendingafélagsins í Ósló haldið á Fabrikken í Dronningens gate 4, sem er í miðborg Ósló. Húsið opnar kl. 18:00, dagskrá hefst kl. 18:30 og borðhald 18:45 og aldurstakmark er 20 ár. Miðaverð er 450 nok fyrir félagsmenn (ef þú ert ekki félagi getur þú skráð þig á heimasíðu félagsins) og 600 nok fyrir utanfélagsmenn.

Á þorablótinu verður ljúffengur íslenskur þorramatur framreiddur af mikilli fagmennsku. Veislustjóri kvöldsins verður enginn annar en Einar Bárðarson, forstöðumaður höfuðborgarstofu, textahöfundur, lagasmiður og títtnefndur umboðsmaður Íslands. Ískórinn mun taka lagið og auðvitað fá gestir að spreyta sig á hinum sívinsæla fjölda-söng sem Íslendingar eru þekktir fyrir á mannamótum. Hljómsveitin Made in Sveitin, með Hreim Örn Heimisson í

fararbroddi, heldur uppi stuðinu. Þarna er á ferðinni ein af vinsælli hljómsveitum Íslands um þessar mundir og fagmaður í hverju rúmi. Happraættið verður á sínum stað þar sem dregin verða út nöfn gesta blótsins (því er nauðsynlegt að skrá nöfn gestanna þegar miðarnir eru pantaðir). Vinningar eru ekki af verri endanum en þar má meðal annars nefna gjafabréf frá Ícelandair. Miðasala er á heimasíðu Íslendingafélagsins í Ósló, www.islendingafelagid.no, undir Þorablót. Því er óhætt að lofa að fólk verði ekki svikið af þessari skemmtun. Láttu þig ekki vanta þetta árið á þorablót Íslendingafélagsins í Ósló!

Það er <http://www.icelandair.no/> sem hjálpar okkur að koma hópnum yfir hafið.

Ævintýri gerist í Bergen, íslenski sönghópurinn dafnar vel.

Haustið 2010 hófu nokkrir Íslendingar búsettir á Bergen-svæðinu að hittast vikulega til þess að syngja saman að frumkvæði hjúkrunarfræðingsins Þórunnar Júlíusdóttur sem þó fljótlega fluttist til heimalandsins. Einfaldleikinn var í fyrirrúmi og æfingar fyrsta árið voru haldnar á heimili Þórunnar og án stjórnanda eða undirleiks. Til að byrja með var aðeins sungið einraddað og kannski meira lagt upp úr góðum og gefandi félagsskap. Í aðventumessu Íslenska safnaðarins í desember 2010 hér í Bergen söng þessi fámenni hópur saman opinberlega í fyrsta skipti. Á næstu mánuðum fjölgaði heldur í hópnum og skapaðist þörf á að finna stærra húsnæði fyrir æfingar og setja starfssemina í félagsform. Haustið 2011 fékk hópurinn æfingaaðstöðu í Sælen kirkju í Fyllingsdalen í Bergen og þann 21. apríl 2012 var haldinn formlegur stofnfundur á Fløyen um félagsskapinn. Stofnfélagar ákváðu að nefna félagið „Sönghópurinn í Bergen“ (SÍB). Fyrsti formaður var Sigurður Hreinsson og gegnir hann enn embættinu. Ingólfur Jóhannsson, einnig heimfluttur og nokkru síðar Ingibjartur Jónsson voru fyrstu stjórnendur okkar og þegar hér var komið vorum við farin að æfa tvíraddað. Haustið 2012 réð SÍB til sín stjórnanda



að nafni Tanja M. Johansen. Tanja, sem er frá Úkraínu, hefur að baki langskólanám í píanóleik og söng. Radduppbygging var það fyrsta sem Tanja tók á og nú syngur hópurinn í fjórum röddum þegar það á við. SÍB hefur alltaf einhver skemmtileg verkefni í farteskinu og framundan er undirbúningsvinna að ferð til London í apríl þar sem SÍB mun taka þátt í kóramóti íslenskra kóra í Evrópu. SÍB býður nýja söngfélaga velkomna og gerir ekki kröfu um söngreynslu eða kunnáttu.

Vinsamlega sendið línu á Ingu:
starfsmadur@kirkjan.no

+ Ef þú þekkir einhvern sem vill fá send fréttabréf Íslenska safnaðarins
+ Ef þú vilt ekki fá send fréttabréf safnaðarins.

Sendiráð Íslands í Ósló er opið alla virka daga kl. 10-15 og er til húsa við Stortingsgata 30, Ósló.

Vefsíða sendiráðsins er www.island.no.

Sími: 2323 7530

Tölvupóstur: emb.oslo@mfa.is

Jóladagskrá Íslenska safnaðarins í Noregi

Aðventuhátíð var haldin í Nordberg kirkju í Ósló. Sérstakir gestir hátíðarinnar voru Gunnar Þórðarson sem lék nokkur af sínum þekktustu lögum fyrir kirkjugesti og Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands sem flutti hátíðarræðu. Hjörleifur Valsson lék á fiðlu og Ískórinng söng fyrir hátíðargesti. Gunnar Þórðarson var einnig sérstakur gestur í jólamessu safnaðarins í Prándheimi og Bergen. Kórarinnir sungu fyrir kirkjugesti og leiddu söng, í Prándheimi Kór Kjartans og Sönghópurinn í Bergen þar. Einnig voru jólamessur í Stavanger, Drammen og Kristiansand.

Jólaguðsþjónusta var í Elverhøy kirkju í Tromsø sem fræðslufulltrúi safnaðarins og guðfræðingurinn Ása Laufey Sæmundsdóttir leiddi. Jólasunnudagaskólar og jólaböll voru í Sandefjord, Geilo, Vestfossen og Kristiansund. Þar voru sungin íslensk jólalög og börnin fengu glaðning frá jólasveininum. Við á skrifstofu safnaðarins og safnaðarstjórnin þökkum Íslendingafélagunum, tengiliðum safnaðarins, leiðtogum sunnudagaskólanna og öllum þeim sem tóku þátt í að gera jólahelgihaldið mögulegt, kærlega fyrir þeirra mikilvæga framlag.



Gunnar Þórðarson og Hjörleifur Valsson í góðum gir.

Hittingur hjá 60 ára og eldri.

Það hafa verið góðar samverustundir hjá 60 ára og eldri það sem af er vetri og munum við halda áfram að hittast einu sinni í mánuði. Fimmtudagana 12. febrúar, 12. mars, 9. apríl og 7. maí munum við hittast í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, í Ósló og hefst samveran kl. 12:15 á kyrrðarstund. Boðið er upp á hádegisverð og honum fylgt eftir með kaffi og meðlæti. Það er um að gera að mæta í Ólafíustofu með handavinnuna eða koma og lesa íslensk dagblöð og ræða málefni líðandi stundar í góðum félagsskap. Við bjóðum alla 60 ára og eldri hjartanlega velkomna í hópinn okkar. Ása Laufey, Osvald og Einar.

Kórastarf í Ósló og Prándheimi

Ískórinng í Ósló æfir í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló, á miðvikudagskvöldum kl. 18-20:30. Við hvetjum áhugasama að mæta á næstu æfingu. Sólveig Jónsdóttir er formaður kórsins og Gísli Jóhann Grétarsson er kórstjóri. Netfang kórsins: iskorinn@hotmail.com

Kór Kjartans í Prándheimi tekur á móti nýjum kórfélagum. Kórinng er með æfingar alla fimmtudaga kl. 19:00 í Glosshaugen, Institutt for Industri Design. Nánari upplýsingar er hægt að fá á síðunni: www.facebook.com/Íslendingafélagið-Kjartan-í-Prándheimi


Sönghópurinn í Bergen (SÍB)

óska eftir nýju söngfólki í allar raddir. Æfingar eru í Sælen kirkju, Vardeveien, í Fyllingsdalen, á miðvikudögum kl. 19:00-21:00.

Sendu línu á:

bergen.songhopur@gmail.com
eða hringdu í formann SÍB 467 43 697 ef þú hefur spurningar eða vilt heyra meir um SÍB.

Bjóðum alla velkomna.



Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum í Nordberg kirkju í Ósló

- 18. janúar Fjölskylduguðspjónusta kl. 14. Hafdís og Klemmi koma í heimsókn.
- 1. febrúar Messa kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 1. mars Taize messa kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 2. apríl Skírdagur. Kvöldmáltíð, orð, bæn og samfélag í Ólafíustofu kl. 17.
 - 6. apríl Páskamessa. Annar í páskum kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 26. apríl Messa kl. 14. Ískórinn syngur. Aðalfundur safnaðarins. Sunnudagaskóli.
 - 25. maí Annar hvítasunnudagur. Fermingarmessa kl. 14. Ískórinn syngur. Sunnudagaskóli.
 - 14. júní Guðspjónusta og hátíðardagskrá í tilefni 17. júní. kl. 14. Auglýst nánar síðar.

Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum úti á landsbyggðinni

- 17. janúar Hafdís og Klemmi koma í heimsókn í sunnudagaskólann í Hellemyr kirkju í Kristiansand kl. 16.
- 24. janúar Hafdís og Klemmi koma að heimsækja sunnudagaskólann í Bergen í Fana Kulturhus í Nesttun, Østre Nesttunvegen kl. 14:30.
- 25. janúar Hafdís og Klemmi koma að heimsækja sunnudagaskólann í Høyland Meningssethus í Stavanger kl. 14.
 - 8. mars Messa í Bakke kirkju í Pråndheimi kl. 11. Kór Kjartans syngur. Sunnudagaskóli.
 - 15. mars Messa í Skjold kirkju í Bergen kl. 14. Sönghópurinn í Bergen syngur. Sunnudagaskóli.
 - 22. mars Messa í Johannes kirkju í Stavanger kl. 14. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 8-10. maí Fermingarnámskeið í Aah Stiftgaard í Svíþjóð.
 - 7. júní Sjómannadagsmessa í Elverhøy kirkju í Tromsø kl. 14.
 - 28. júní Ferming á Íslandi: Fermingarmessa kl. 11 í Seltjarnarneskirkju.

Venjulega er kirkjukaffi eftir hverja messu.

Fylgist með á www.kirkjan.no eða á [facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/Íslenski-söfnuðurinn-í-Noregi).

Skrifstofa Íslenska safnaðarins í Noregi er staðsett í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló.

Skrifstofan er opin frá mánudegi til fimmtudags frá kl. 10-14. Sími: 223 60 140.

Inga Erlingsdóttir, starfskona, starfsmadur@kirkjan.no

Ása Laufey Sæmundsdóttir, fræðslufulltrúi, fraedsla@kirkjan.no

Sr. Arna Grétarsdóttir, prestur@kirkjan.no

Afleysingarprestur er sr. Jóhanna Sigmarsdóttir, símanúmer: 9548 6250, símatími: 10-11 þriðjudaga-föstudaga.

Spakmæli úr Biblíunni:

„Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hvert annað. Eins og ég hef elskað yður skuluð þér einnig elska hvert annað.“

Umbrot og hönnun fréttabréfsins:
Hrafnhildur Brynjarsdóttir
hrafnhildurb80@yahoo.com

(Joh. 13:34)

Utgiver og returadresse:
Den islandske menigheten i Norge,
Pilestredet Park 20,
0176 Oslo